

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 9. apríl 2018  
Tilvísun: 2018030034

**Efni: Umsögn Útlendingastofnunar um frumvarp til laga um lögheimili og aðsetur.**

Meðfylgjandi eru athugasemdir og umsögn Útlendingastofnunar eftir yfirllestur frumvarps til laga um lögheimili og aðsetur. Það athugist að Útlendingastofnun gerir einungis athugasemdir við þau ákvæði sem beinlínis snerta starfssvið stofnunarinnar.

Útlendingastofnun hefur ekki almennar athugasemdir við frumvarpið en gerir athugasemdir við einstakar greinar.

**Athugasemdir við einstakar greinar:**

*1. mgr. 5. gr.*

Samkvæmt greininni er heimilt að skrá lögheimili hjóna á sitt hvorum staðnum. Útlendingastofnun bendir á að samkvæmt 6. mgr. 70. gr. laga nr. 80/2016 skulu hjón og sambúðarfólk hafa búsetu á sama stað í samræmi við lög um lögheimili. Að mati Útlendingastofnunar mun myndast ósamræmi milli laga um lögheimili og aðsetur og laga um útlendinga við gildistöku þessa ákvæðis og þarf að taka afstöðu til þess fyrir gildistöku laganna hvort 6. mgr. 70. gr. getur haldið gildi sínu óbreytt.

Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til laga um útlendinga kemur eftirfarandi fram: „*hjón þurfi að búa saman og skuli halda saman heimili. Borið hefur á því að umsækjendur búi ekki saman en segist eigi að síður vera í hjúskap. Í sumum tilvikum getur það verið edlilegt vegna atvinnu annars eða beggja hjóna. Þegar slíkt er uppi er heimilt að veita undanþágu frá því að hjón eða sambúðaraðilar búi saman ef einungis um tímabundið ástand er að ræða, t.d. vegna náms eða vinnu. Undanþáguma skal túlka þröngt líkt og aðrar undanþágur og á hún ekki við um tilvik þar sem aðstandandi hér á landi sætir eða mun sæta fangelsisrefsingu.*“

Í 7. mgr. 70. gr. kemur sú regla fram að hjúskapur sem stofnað er til í þeim tilgangi að afla dvalarleyfis veiti ekki rétt til dvalarleyfis. Ein helsta vísbendingin í þeim málum er búseta þeirra sem í hlut eiga. Afleiðingar þeirrar breytingar að hjón og sambúðarfólk þurfi ekki í öllum tilvikum að hafa sama lögheimili eru óljósar. En að mati Útlendingastofnunar verður sönnunarstaða í málum á grundvelli 7. mgr. 70. gr. erfiðari ef skilyrði um sameiginlega búsetu er ekki lengur til staðar.

Reykjavík, 9. apríl 2018

F.h. Útlendingastofnunar,

  
Friða Breiðfjörð Arnardóttir



  
Sigurbjörg Rut Hoffritz